

Ýmis vandamál og óþægindi hafa fylgt til þessa dags og munu óhjákvæmlega fylgja áfram, vegna ákvörðunar skipulags- og byggingarfulltrúa, á sínum tíma.

### Verðfall eignarluta undirritaðra í húsnæðinu

Ljóst er að umtalsvert verðfall hefur og mun eiga sér stað á eignarluta Fjóluvalla ehf. vegna ákvörðunnar Hafnfirskra bæjaryfirvalda.

### Áhrif á sölu eignarinnar


Komið hefur í ljós að sölumöguleikar undirritaðra á eignarluta sínum í húsnæðinu hafa versnað til muna vegna umræddrar ákvörðunnar varðandi húsnæðið snemma árs 2019, undirrituð hafa fengið þetta staðfest frá fasteignasölum í Hafnarfirði og víðar. Nokkrar mögulegar sölur hafa þegar farið forgörðum þegar væntanlegum kaupendum varð ljóst hverjir nágrennar þeirra yrðu.

Við teljum að ljúka megi málinu, með sátt við Hafnarfjarðarbæ, sem er hagstæð fyrir alla aðila.

Undirrituð óska hérmeð formlega eftir skriflegu rökstuddu svari við mótmælum okkar, sem berast skuli á netfang okkar: [fjolvellir@gmail.com](mailto:fjolvellir@gmail.com)

Virðingarfyllst

Fjóluvellir ehf.

  
Sigríður Erlendsdóttir

  
Jón Víkingur Ásrúnar- Hálfðanarson